

REGLUGERÐ um stjórn botnfiskveiða 1984.

Heildaraflamark.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um stjórn botnfiskveiða 1984 miðast við, að á árinu 1984 fari afli eftirtalinna botnfisktegunda eigi fram úr neðangreindu heildaraflamarki:

	Púsund tonn miðað við óslægðan fisk
1. Þorskur	220
2. Ýsa	60
3. Ufsi	70
4. Karfi	110
5. Skarkoli	17
6. Grálúða	30
7. Steinbítur	15

Almennt veiðileyfi.

2. gr.

Sérhver útgerðaraðili, sem gerir út fiskiskip, 10 brl. eða stærri, til botnfiskveiða, sbr. 1. gr., þarf til þess almennt veiðileyfi, sem sjávarútvegsráðuneytið veitir, auk sérstakra veiðileyfa samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

Öðrum en leyfishöfum, samkv. 1. mgr., er óheimilt að stunda botnfiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á skipum 10 brl. eða stærri.

3. gr.

Við veitingu veiðileyfa skv. reglum þessum koma til greina útgerðir þeirra skipa, sem stunduðu botnfiskveiðar á tímabilinu 1. nóvember 1982 til 31. október 1983 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri. Auk þess koma til greina útgerðir nýrra eða nýkeyþra fiskiskipa, sem ekki hafa verið að veiðum á framangreindu tímabili og búin eru til botnfiskveiða, enda hafi samningar um kaupin verið gerðir milli hlutaðeigandi útgerðar og seljanda fyrir 31. desember 1983.

Önnur skip en að framan getur koma því aðeins til greina, að í stað nýs eða nýkeypts skips hafi annað af svipaðri stærð verið tekið úr rekstri. Skal leita umsagnar samráðsnefndar, skv. 15. gr., áður en fallist er á að veita slíkum skipum veiðileyfi skv. þessum reglum.

4. gr.

Almennt veiðileyfi, sbr. 2. gr., er veitt með því skilyrði, að afli hvers skips af þeim fiski, sem upp er talinn í 1. gr. fari ekki fram úr því aflamarki, sem tilgreint er í leyfisbréfi til útgerðar.

Aflamark hvers skips skal talið í heilum og hálfum tonnum miðað við slægðan fisk með haus — að undanskildum karfa.

Óslægðan fisk skal umreikna með eftirfarandi hlutfallstölum:

	Hlutfallstala slægður/óslægður fiskur.
Porskur, ýsa og ufsi	0,80
Steinbítur	0,90
Skarkoli og grálúða	0,92

Porskur smærri en 50 cm, ýsa smærri en 45 cm, ufsi smærri en 50 cm, karfi innan við 500 gr. og steinbítur minni en 40 cm telst ekki með í aflamarki skips, sbr. þó 5. mgr. þessarar greinar.

Sjávarútvegsráðuneytið getur breytt áður veittu aflamarki allra veiðiskipa frá 15. apríl og 1. september 1984 í ljósi álits Hafrannsóknastofnunar á ástandi fiskistofnanna, og því hvort fiskur undir framangreindum mörkum skv. 4. mgr. skuli reiknast í aflamarki eða ekki.

Felld er úr gildi reglugerð nr. 262 6. júlí 1977 um lágmarksstærðir fisktegunda svo og breyting á þeirri reglugerð nr. 311 9. ágúst 1977.

Botnfiskveiðar minni báta.

5. gr.

Bátar undir 10 brl., sem stunda botnfiskveiðar, hafa sameiginlegt heildaraflamark er skiptist þannig niður á tímabil:

	Tímabil 1 jan.-apríl tonn, ósl.	Tímabil 2 maí-júní tonn, ósl.	Tímabil 3 júlí-ágúst tonn, ósl.	Tímabil 4 sept.-des. tonn, ósl.	Árið allt tonn, ósl.
1. Porskur	1 350	2 500	3 230	1 220	8 300
2. Ýsa	100	70	130	400	700
3. Ufsi	80	200	820	200	1 300
4. Karfi	—	—	—	—	—
5. Skarkoli	5	5	15	25	50
6. Grálúða	—	—	—	—	—
7. Steinbítur	100	160	80	110	450

Fari afli báta undir 10 brl. af einhverri þessara tegunda fram úr ofangreindum mörkum á ákveðnu tímabili, er ráðuneytinu heimilt að stöðva veiðar báta undir 10 brl. af þeirri tegund um sinn.

Ákvörðun aflamarks.

6. gr.

Við ákvörðun aflamarks hvers skips, 10 brl. eða stærri, skal finna:

- a) Skiptingu heildarafla á hverri fisktegund skv. 1. gr. á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, samkvæmt skýrslum Fiskifélags Íslands, á eftirfarandi níu flokka fiskiskipa:
1. **Skip, sem ekki voru að veiðum 1. nóvember 1982 til 31. október 1983.**
 2. **Loðnubátar**, sbr. reglugerð nr. 745/1983 (með áorðnum breytingum).
 3. **Skelfiskbátar**, það er bátar, sem voru við skelfiskveiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim, að frátöldum botnfiskveiðum.
 4. **Rækjubátar**, þ. e. bátar, sem voru við rækjuveiðar innfjarða og á Eldeyjarsvæði, 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim, að frátöldum botnfiskveiðum.
 5. **Humar- og reknetabátar**, þ. e. bátar, sem voru við humarveiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, og síldveiðar með reknetum og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim 1982 og 1983, að frátöldum botnfiskveiðum.
 6. **Humarbátar aðrir**, þ. e. bátar, sem voru við humarveiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim, að frátöldum botnfiskveiðum.
 7. **Síldarbátar**, þ. e. bátar sem voru við síldveiðar með hringnót eða reknet og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim árin 1982 og 1983, að frátöldum botnfiskveiðum.
 8. **Aðrir bátar**, sem voru fyrst og fremst við botnfiskveiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983.
 9. **Togarar**, þ. e. togveiðiskip 200 brl. eða stærri, sem voru við veiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983.
- b) Finna skal það aflaverðmæti, sem hvert skip hefur haft af veiðum samkvæmt sérstökum veiðileyfum þ. e. loðnu-, skelfisk-, rækju-, humar- og síldveiðileyfum á viðmiðunartímabilinu. Þetta aflaverðmæti skal reiknað á því fiskverði, sem í gildi var á hverjum tíma en fært til sama gengis miðað við Bandaríkjadollar. Verðmæti loðnuafila skal þó í þessum reikningi ekki miðað við afla skv. skýrslum Fiskifélagsins heldur við þrefaldan loðnukvóta skips skv. reglugerð nr. 745/1983 (með áorðnum breytingum). Ennfremur skal verðmæti hörpudiskaflans í þessum reikningi miðast við þrefaldan afla tímabilsins 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, en ekki aflaskýrslur alls viðmiðunartímabilsins. Loks skal verðmæti síldarafla í þessum reikningi miðast við afla almanaksárin 1981, 1982 og 1983.
- c) Reikna skal verðmæti botnfiskafila hvers skips á viðmiðunartímabilinu, á því fiskverði, sem í gildi var á hverjum tíma en fært til sama gengis miðað við Bandaríkjadollar. Því næst skal lækka aflamagn hvers skips af hverri botnfisktegund um 25% af hlutfalli loðnuverðmætis skv. b-lið þessarar greinar, um 35% af hlutfalli skelfiskverðmætis, en um 10% af hlutfalli rækju- (innfjarða og af Eldeyjarsvæði), humar- og síldaraflaverðmætis af botnfiskaflaverðmæti þess á viðmiðunartímabilinu.
- d) Leggja skal saman skerðingu skv. c-lið fyrir hverja botnfisktegund. Við skal bæta afla skipa í flokki 1, sbr. a-lið þessarar greinar. Þeirri heildartölu, sem þannig fæst, skal skipta milli skipa í flokkum 7, 8 og 9, skv. a-lið þessarar greinar í hlutfalli við aflamagn þeirra af hverri tegund á viðmiðunartímabilinu, eftir lökkun skv. c-lið þessarar greinar.

- e) Heildaraflamarki hverrar botnfisktegundar 1984, skv. 1. gr., að frádrögnum heildaraflamarki báta undir 10 brl., skv. 5. gr., skal skipt milli skipa í flokkum 2 til 9 skv. a-lið þessarar greinar í hlutfalli við aflamagn af hverri tegund, leiðrétt skv. d-lið, þó skal skipta helmingi heildaraflamarks fyrir skarkola eftir þorskaflamagni skv. d-lið þessarar greinar milli skipa í flokkum 7, 8 og 9.

7. gr.

Aflamark hvers skips fyrir hverja botnfisktegund er fundið með því að reikna því sama hlutfall úr aflamarki flokksins, sem það hefur skv. e-lið 6. gr., en þannig reiknað að við afla hvers skips skv. e-lið 6. gr., skal bæta þeim afla, sem ætla má að það hefði haft þann tíma, sem það kann að hafa tafist frá veiðum. Það teljast frátafir frá veiðum í þessu sambandi ef þær hafa hverju sinni varað lengur en tvær vikur samfleytt og hafi hlotist af meiri háttar bilun eða endurbótum á skipum, sem staðfest er af tryggingafélagi, viðgerðaverkstæði eða af öðrum til þess bærnum aðila. Einnig skal leiðréttá úthaldsskýrslu vegna sjómannaverkfallsins í ársbyrjun 1982.

8. gr.

Frátafir frá veiðum á viðmiðunartímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, skv. 7. gr., skulu metnar á grundvelli upplýsinga frá útvegsmönnum, sem borist hafa sjávarútvegsráðuneytinu fyrir 20. janúar 1984, sbr. auglýsingar ráðuneytisins 21. desember 1983 og 10. janúar 1984. Samráðsnefnd skv. 16. gr. skal fjalla um mat á frátöfum frá veiðum, og m. a. í því sambandi um flokkun skipa skv. a-lið 6. gr.

9. gr.

Hverju skipi skal ætla afla í frátöfum skv. 7. gr. með áætluðum meðalafla á úthaldsdag. Meðalafla þessi skal áætlaður þannig, að fundinn er meðalafla á úthaldsdag, skv. skýrslum Fiskifélags Íslands, í viðkomandi stærðarflokki skipa, með sams konar veiðarfæri, í sama mánuði og á sama veiðisvæði þann tíma, sem skipið var frá veiðum. Þennan meðalafla skal hækka eða lækka um það hlutfall, sem meðalafla viðkomandi skips vék frá meðalafla skipa í sama stærðarflokki, með sams konar veiðarfæri, á sama svæði, tímam, sem það var að veiðum á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983.

Stærðarflokkar teljast í þessu sambandi:

1. Bátar	10 — 20 brl.
2. Bátar	21 — 50 brl.
3. Bátar	51 — 110 brl.
4. Bátar	111 — 200 brl.
5. Bátar	201 — 500 brl.
6. Bátar	yfir 500 brl.
7. Togarar	201 — 500 brl.
8. Togarar	yfir 500 brl.

Pegar meðalaflamark er reiknað fyrir flokk 7, togarar 201—500 brl., skal það reiknað sérstaklega fyrir togara 39 metra og styttri annars vegar, og hins vegar fyrir togara lengri en 39 metrar, miðað við mestu lengd skipsins.

Veiðisvæði markast í þessu skyni af verstöðinni, frá hverri skipinu er haldið til róðra, sem hér segir:

Svæði 1: Frá Hornafirði suður um til Patreksfjarðar að báðum stöðum meðtöldum.

Svæði 2: Svæðið norðan svæðis 1.

10. gr.

Afli, sem siglt er með á erlendan markað á árinu 1984, eftir birtingu þessara reglna, skal reiknast með fjórðungs álagi, þegar metið er, hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni.

Í samræmi við þessa reglu skal við ákvörðun aflamarks hvers skips auka aflamark þess skv. 6. til 9. gr. sem svarar fjórðungi af hlut afla þess, sem siglt var með til sölu erlendis á viðmiðunartímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983.

Ákvörðun sóknarmarks - val.

11. gr.

Ný skip og skip, sem hafa verið skemur að veiðum á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983 en 12 mánuði, geta valið um að fá aflamark reiknað á grundvelli meðalaflamagns í viðkomandi stærðarflokki og veiðisvæði skv. 9. gr. eða fá sett sóknarmark í úthaldsdögum sem svarar 70% af meðalúthaldi skipa í viðkomandi stærðarflokki og veiðisvæði á hverju eftirgreindra tímabila: 1. janúar til 29. febrúar; 1. mars. til 30. apríl; 1. maí til 31. ágúst; 1. september til 31. desember, skv. skýrslum Fiskifélags Íslands á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983.

Skip, sem velur sóknarmark skv. ákvæðum 1. mgr. fær þó ekki leyfi til að veiða meiri þorsk á árinu 1984 en svarar meðalþorskaflamarki í viðkomandi stærðarflokki skips og veiðisvæði að viðbættum 15%.

Skipum, sem komu til veiða í fyrsta sinn eftir 1. nóvember 1980 og verið hafa að veiðum lengur en tólf en skemur en þrjátíu og sex mánuði, skal ætla afla skv. reglum 9. gr. miðað við ætlað meðalúthald og afla tímabilið frá 1. nóvember 1980 þar til þau koma til veiða.

Útgerðir nýrra skipa og skipa, sem verið hafa skemur að veiðum en tólf mánuði á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, eða koma í fyrsta sinn til veiða eftir 1. nóvember 1980, skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um þessar aðstæður sínar fyrir 10. febrúar 1984, sbr. áður birtar auglýsingar ráðuneytisins í dagblöðum.

12. gr.

Hafi á árinu 1983 orðið eigendaskipti eða skipstjóraskipti á skipi, skal gefa útgerðinni kost á að velja um aflamark eða sóknarmark skv. 1. og 2. mgr. 11. gr. eins og um nýtt skip væri að ræða í stað aflamarks þess, sem skipið fengi skv. reglum 7. og 9. greinar. Útgerðum þeirra skipa, sem svo er háttað um og gæta vilja hagsmuna sinna í þessu efni, skal gefinn kostur á að gefa sig fram fyrir 10. febrúar 1984 og kynna sér þá kosti, sem þær hafa um að velja hvað varðar aflamark eða sóknarmark. Þessar útgerðir skulu síðan gefa til kynna fyrir 17. febrúar 1984 hvorn kostinn þær velji með fyrirvara um breytingar, sem verða kunna við endanlega úthlutun aflamarks. Útgerðirnar halda rétti sínum til þess að gera athugasemdir við úthlutunina skv. 17. gr..

13. gr.

Sóknarmark skal ákveðið í fjölda úthaldsdaga á hverju tímabili sbr. 1. mgr. 11. gr. Við ákvörðun fjölda úthaldsdaga gilda eftirfarandi reglur:

1. Úthald talið í dögum hefst þegar skip heldur úr löndunar- eða heimahöfn til veiða.
2. Úthaldi lýkur þegar skip kemur í höfn með veiðarfæri innanborðs til löndunar afla, enda haldi það ekki úr höfn til veiða fyrir en að a. m. k. fjórum sólarhringum liðnum nema því sé það heimilt vegna loka tímabils.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis telst sá tími er fer til siglingar með afla út, löndunar og siglingar til heimahafnar aftur sem úthaldsdagar.

14. gr.

Útgerð hvers veiðiskips, sem valið hefur sóknarmark, skal tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu að minnsta kosti þremur dögum fyrir upphaf hvers mánaðar, hvenær það hyggst nota sóknarheimild sína í þeim mánuði. Einnig er heimilt að tilkynna hvernig áformað sé að nota sóknarmark fyrir fleiri en einn mánuð eða tímabil í einu. Tilkynning þessi er bindandi fyrir mánuðinn eða tímabilið og er grundvöllur eftirlits með framkvæmd þessara reglna. Frávik vegna tafa í veiðiferðum allt að þremur dögum er heimilt að færa milli mánaða og tímabila skv. 11. gr. Fari slík frávik fram úr þremur dögum um einn eða tvo daga reiknast þeir tvöfaldir til frádráttar á næsta tímabili. Frávik umfram fimm daga teljast brot á reglum þessum og skal farið með þau samkvæmt ákvæðum 23. gr..

15. gr.

Þegar ákveðin er úthlutun veiðileyfa til allra botnfiskveiðiskipa 1984, sú sem birt skal 20. febrúar 1984, sbr. 17. gr., skal meta afla þeirra skipa, sem hafa valið sér sóknarmark, eins og þau hefðu meðalaflamark skv. 1. mgr. 11. gr..

Almenn ákvæði, samráðsnefnd og flutningur aflamarks.

16. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið ákveður aflamark eða sóknarmark skv. reglugerð þessari fyrir hvert skip, 10 brl. og stærri, að fengnum útreikningum Fiskifélags Íslands.

Sérstök samráðsnefnd þriggja manna, skipuð einum fulltrúa frá samtökum sjómanna og einum fulltrúa frá samtökum útvegsmanna auk formanns, sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um öll álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt reglugerð þessari. Í starfi sínu skal nefndin leitast við að velja úrræði sem stuðla að því að draga úr útgerðarkostnaði. Nefndin skal sérstaklega fjalla um ákvarðanir samkvæmt ákvæðum 11. og 12. greinar, svo og til hvaða flokks samkvæmt a-lið 6. gr. skuli telja hvert skip.

Nefndin skal skila skriflegum tillögum til ráðuneytisins um úrlausn einstakra mála.

17. gr.

Tilkynna skal útvegsmönnum um úthlutun aflamarks eða sóknarmarks til þeirra eigi síðar en 20. febrúar 1984. Afli og sókn hvers skips á tímabilinu 1. janúar til 20. febrúar 1984 telst hluti af aflamarki eða sóknarmarki þess fyrir árið 1984, þó ekki ufsaveiði eða línuveiði að hálfu.

Útvegsmenn eiga kost á að gera athugasemdir við úthlutunina fram til 5. mars 1984. Samráðsnefnd, skv. 16. gr., skal fjalla um athugasemdir þeirra svo fljótt sem kostur er. Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar um breytingar á aflamarki.

18. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út innan sömu verstöðvar, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða reiknað á gildandi fiskverði, svo og um flutning á aflamarki fyrir skarkola. Tilkynna skal fyrirfram um flutning aflamarks milli skipa til sjávarútvegsráðuneytisins svo fljótt sem við verður komið. Flutningur aflamarks milli skipa öðlast ekki gildi fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um hann frá þeim, sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytisins að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

19. gr.

Þær útgerðir, sem sæta lækkun á botnfiskveiðileyfi skv. reglunum í 6. gr. hér að framan vegna aflatekna af rækju-, humar-, skelfisk-, loðnu- og síldveiðum samkvæmt sérstököm veiðileyfum, skulu hafa forgang við úthlutun leyfa til slíkra veiða á árinu 1984 í þeirri röð, sem þessar tölur um aflaverðmæti af sérleyfisveiðum mynda.

Á hliðstæðan hátt er heimilt að auka botnfiskveiðileyfi þeirra skipa, sem kunna að fá úthlutað rýrari heimild á árinu 1984 til veiða skv. sérstököm veiðileyfum, sbr. 1. mgr., en á undanförunum þremur árum.

Fái útgerð skipa, sem ekki hefur haft leyfi til veiða skv. sérstököm veiðileyfum, sbr. 1. mgr. úthlutað slíku leyfi á árinu 1984, skal skerða botnfiskleyfi þess á hliðstæðan hátt og gert er skv. 6. gr.

Eftirlit, viðurlög o. fl.

20. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna, sbr. reglugerð nr. 6/1984 vegna eftirlits með afla og úthaldi á fiskveiðum, og skulu eftirlitsmenn þess m. a. styðjast við upplýsingar frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða og skýrslur Fiskifélags Íslands. Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og fiskkaupendum er skylt að láta í té allar upplýsingar um afla af einstökum tegundum, um úthald og sjósókn sem þörf er á vegna þessa.

21. gr.

Fari fiskiskip fram úr aflamarki einnar fisktegundar skal skerða aflamark þess á öðrum tegundum hlutfallslega í samræmi við gildandi fiskverð hverju sinni, enda séu þessi frávik samanlögð innan við 10% af verðmæti aflamarks þess af öllum botnfisktegundum skv. reglum þessum miðað við gildandi fiskverð. Fari afli skipsins fram úr þessu 10% marki, eða eigi skipið ekki ónotað aflamark af öðrum tegundum til jöfnunar skv. þessum reglum, skal fara með slík brot skv. 23. gr., sbr. lög nr. 32 19. maí 1976 um upptöku ólöglegs sjávaraflla. Sama gildir fari skip yfir aflamark skv. 2. mgr. 11. gr..

22. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 82 28. desember 1983. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 82 28. desember 1983, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1984.

Halldór Ásgrímsson

Jón L. Arnalds.